

Skýrsla tilnefningarnefndar Sýnar 4. mars 2026

Samantekt

Tilnefningarnefnd Sýnar styðst við stefnu félagsins þegar kynnt er tilnefning nefndarinnar til eigenda félagsins. Á undanförnum misserum hefur mikið innra starf staðið yfir hjá félaginu, þar á meðal breytingar á skipulagi þess. Þær breytingar eru hluti af innleiðingu stefnu. Félagið hefur haft að markmiði að ná árangri með þrjá þætti í innra starfi þess; samþættingu og einföldun kerfa, auka þrótt á þeirri hlið sem snýr að markaðssetningu, sölu og þjónustu, og skilvirkni í ferlum sem styður breytingar á skipulagi. Í kjölfar ráðningar nýs forstjóra í upphafi árs 2024 urðu breytingar á samsetningu teymis stjórnenda. Þá var gripið til markvissra aðgerða til að styrkja rekstrargrundvöll félagsins og er það starf enn í gangi. Kostnaðarhagræðing hefur verið áherslupáttur allt árið 2025 og gaf niðurstaða fjórða ársfjórðungs ástæða til bjartsýni. Sala farnetsdreifikerfis til Sendafélagsins hefur haft jákvæð áhrif á sjóðstreymi félagsins. Skipulagsbreytingar sem stjórn og forstjóri hafa ákveðið og innleitt, ásamt nýtt skipulag framkvæmdastjórnar, miða að því að auka skilvirkni, bæta þjónustu og einfalda starfsemi Sýnar. Félagið hefur allt árið 2025 unnið að mikilli endurskoðun á tekjumódeli í fjölmiðlarekstri til að aðlagða starfsemi að breyttum og harðnandi markaðsaðstæðum.

Tilnefningarnefndin lítur til þess hvernig samstarf stjórnar og framkvæmdastjórnar hefur vegnað. Matsþættir sem nefndin styðst við í sínu starfi voru uppfærðir á árinu 2021. Þá var samþykkt að skerpa á þáttum sem tengjast hagsmunatengslum og mati á stjórn sem teymi. Enn fremur voru framboðsgögn til stjórnarsetu uppfærð hvað viðkemur upplýsingum um þekkingu, reynslu og hæfi umsækjenda. Sitjandi stjórnarmenn þurfa sömuleiðis að skila inn sambærilegum upplýsingum og aðrir. Endurmat á því sér stað á sitjandi stjórnarmönnum.

Matsþættir í starfi tilnefningarnefndar eru annars vegar hlutlægir þættir sem hafa meðal annars að gera með reynslu frambjóðanda af setu í stjórnnum stærri fyrirtækja, þekkingu á stjórnarháttum, reynslu af stjórnun, stefnumótun, fjármálum og markaðsmálum, svo og þekkingu á atvinnugreininni sem félagið starfar í og félaginu sjálfu. Hins vegar huglægir þættir sem hafa að gera með persónulega eiginleika, viðhorf og gildi. Þegar matsþættirnir voru uppfærðir var lögð aukin áhersla á upplýsingar um fjárhagslegt hæfi frambjóðanda, hagsmunatengsl og hvort störf viðkomandi fyrir félagið gætu ávallt stutt við trúverðugleika.

Stefna félagsins sem lagt var upp með í kjölfar ráðningar nýs forstjóra í byrjun árs 2024, lagði áherslu á skýrleika og sjálfstæði rekstrareininga. Mikil vinna hefur átt sér stað í þessu sambandi af hálfu bæði stjórnar og stjórnenda. Áhersla hefur sérstaklega verið á miðlahluta félagsins. Í því ljósi sendi félagið frá sér tilkynningar á árinu 2025 um straumlínulögun miðlunarhlutans. Þá mun Sýn nú skerpa sérstaklega á kjarna þeirrar starfsemi sinnar sem snýr að fjarskiptum og horfir tilnefningarnefnd til þess í tilnefningu sinni.

Tilnefningarnefndin metur starf stjórnar, styrkleika hennar sem teymis, framlag einstakra stjórnarmanna og samskipti við forstjóra. Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var 14. mars 2025, urðu þær breytingar að einn nýr stjórnarmaður var kjörinn. Það var Heiðurín Lind Marteinsdóttir. Á aðalfundi þar áður urðu tvær breytingar á stjórn félagsins, þegar Petra Ingileif Guðmundsdóttir og Ragnar Páll Dyer voru kosin til stjórnarsetu. Ráðning forstjóra og skipulagsbreytingar félagsins hafa leitt til verulegra breytinga á efsta stjórnunarstigi.

Tilnefningarnefndin leggur áherslu á mikilvægi stöðugleika í störfum stjórnar og samskiptum hennar við forstjóra. Viðtöl við stjórnarmenn, forstjóra, fjármálastjóra og lögmann félagsins, sem jafnframt gegnir hlutverki ritara stjórnar, hafa undirstrikað þetta mikilvægi. Það hefur nefndin í huga í störfum sínum. Einkafjárfestar félagsins hafa í mörgum tilvikum ákveðið að fylgja fjárfestingu sinni eftir með framboði til stjórnar. Tillaga tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar vegna aðalfundar í mars 2026 tekur mið af öllum þessum þáttum.

Tilnefningarnefnd horfir til stöðu og stefnu félagsins við tilnefningu sína. Er litið til einstaklinga sem hafa djúpa reynslu af fjarskiptum, innleiðingu flókinna skipulagsbreytinga og áhrif þeirra á rekstur, svo og upplifun viðskiptavina af þjónustu. Sérstaklega er horft til þess að í samsetningu stjórnar sé að finna reynslu og innsæi hvað stöðu og framtíð fjarskipta varðar.

Fimm einstaklingar skiluðu inn framboði til aðalstjórnar. Fjórir núverandi stjórnarmenn og einn utan stjórnar. Páll Gíslason, sóttist ekki eftir endurkjöri. Sé litið til þeirrar ráðleggingar tilnefningarnefndar að ekki verði miklar breytingar á samsetningu stjórnar og að sumir einkafjárfestar fylgja eftir sinni fjárfestingu, leggur nefndin til eina breytingu. Kjartan Briem sendi til tilnefningarnefndar upplýsingar um áhuga á framboði til aðalstjórnar. Kjartan er framkvæmdastjóri Isavia ANS, dótturfélags Isavia. Áður starfaði hann á íslenskum fjarskiptamarkaði í yfir 20 ár, lengst af sem stjórnandi á tæknisviði Síonar (áður Vodafone). Kjartan var hluti af framkvæmdastjórn Síonar frá 2009 til 2020. Hann bar ábyrgð á uppbyggingu, þróun og rekstri fjarskipta- og upplýsingatæknikerfa félagsins. Kjartan leiddi fyrir hönd Síonar stofnun samrekstrarfélags (Sendafélagið) um rekstur radiódreifikerfa farsíma með Nova, sem hóf starfsemi 2015. Hann hefur umtalsverða reynslu af samskiptum við eftirlitsaðila á Íslandi og hefur síðustu ár setið í Úrskurðarnefnd Póst og Fjarskiptamála. Þá hefur hann tekið þátt í stefnumótun fyrir íslensk stjórnvöld á sviði fjarskipta og netöryggis. Tilnefningarnefndin telur Kjartan geta lagt til veigamikla þekkingu og innsæi sérstaklega gagnvart fjarskiptahluta Síonar, þar sem aukin áhersla verður í framtíð. Báðir varamenn stjórnar gefa kost á sér áfram.

Tilnefningarnefnd um stjórn Síonar leggur til að eftirtaldir einstaklingar, í stafrófsröð, verði kosnir í stjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir
- Kjartan Briem
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer

Tilnefningarnefnd um stjórn Síonar leggur til óbreytta varastjórn, það að eftirtaldir einstaklingar, í stafrófsröð, verði kosnir í varastjórn félagsins:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Starf tilnefningarnefndar

Á aðalfundi Síonar hf. þann 14. mars 2025 voru kjörin í tilnefningarnefnd þau Þröstur Olaf Sigurjónsson og Guðríður Sigurðardóttir. Tengiliður stjórnar Síonar hf. í nefndinni er Heiðrún Lind Marteinsdóttir. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Þröstur kjörin formaður og Guðríður ritari nefndarinnar.

Tilnefningarnefnd hóf störf í kjölfar aðalfundarins með því að ákveða starfsáætlun sína. Þá fundaði hún með stjórnarmönnum, varamönnum stjórnar og forstjóra til að ræða stöðu og áherslur Sýnar. Markmið þessara funda var að skýra hvaða áherslur nefndin ætti að hafa í huga við samsetningu næstu stjórnar félagsins.

Tíu stærstu hluthöfum Sýnar hf., samkvæmt hluthafalista dags. 10. desember 2025, var boðið að mæta til viðtals við nefndina. Þeim sem ekki vildu nýta sér það var í staðinn gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar. Tilnefningarnefndin ítrekaði jafnframt óskir sínar um að hluthafar sendu nefndinni athugasemdir og tilnefningar um mögulega stjórnarmenn, meðal annars með tilkynningu á heimasíðu félagsins.

Árangursmat stjórnar Sýnar var unnið í desember 2025. Sama fyrirkomulag var á því mati og undanfarin ár. Heilt yfir kemur árangursmatið vel út fyrir stjórnarmenn og stjórnarsamstarfið, formann stjórnar og forstjóra. Nokkrar breytingar hafa orðið á samsetningu stjórnar Sýnar sé litið til síðustu þriggja ára. Það má lesa út úr nýunnu árangursmati stjórnar að samstarf hennar gengur vel.

Hlutverk nefndarinnar er að veita hluthöfum ráðgjöf við val á stjórnarmönnum, í samræmi við starfsreglur nefndarinnar sem voru samþykktar af stjórn félagsins 12. mars 2024 (sjá viðauka). Nefndin ber ábyrgð á því að meta samsetningu, stærð og árangur stjórnar, meta hæfi og óhæði tilvonandi stjórnarmanna og leggja fram tillögu um kosningu þeirra. Viðmælendur voru upplýstir um þetta hlutverk nefndarinnar.

Mat tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefndin mat þekkingu og hæfni frambjóðenda svo.

Almenn lykilhæfni og þekking

1. Almennir eiginleikar nauðsynlegir stjórnarmanni samkvæmt *Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti* útgefnar af eftirfarandi aðilum: Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands.
2. Þekking og reynsla á starfsemi félagsins.
3. Þekking, reynsla og hæfni til að styðja við og innleiða stefnumótandi ákvarðanir, með sérstaka áherslu á lausnir sem snúa að upplifun viðskiptavina.

Sértækir þættir til frekara mats

1. Almennir eiginleikar nauðsynlegir hverjum stjórnarmanni
 - Almenn stjórnunarreynsla úr stóru fyrirtæki og/eða skráðu félagi.
 - Stjórnarseta í stóru félagi.
 - Stjórnunarreynsla úr fjarskiptafyrirtæki/önnur reynsla úr fjarskiptafyrirtæki eða tengdri starfsemi.
 - Stjórnunarreynsla úr fjölmiðlafyrirtæki/önnur reynsla úr fjölmiðlafyrirtæki eða tengdri starfsemi.
 - Sjálfstæði, samstarfshæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
 - Greiningarhæfni og geta til að taka erfiðar ákvarðanir.
2. Þekking og reynsla sem þurfa að vera til staðar í stjórn félags sem starfar við sambærilegar aðstæður og áskoranir og Sýn hf.

- Fjármál.
 - Rekstur.
 - Endurskoðun.
 - Áhættustjórnun.
 - Stefnumótun og áætlanagerð.
 - Mannauðsstjórnun.
 - Sölu og markaðsmál.
 - Stafræn þróun.
 - Miðlun og afþreying.
3. Þekking, reynsla og hæfni sem þurfa að vera til staðar í stjórn Sýn hf. til að styðja við og innleiða stefnumótandi ákvarðanir í félagi í sambærilegum rekstri og aðstæðum.
- Skilningur á viðskipta- og efnahagsumhverfi.
 - Skilningur á stefnumótun, áætlanagerð og eftirliti.
 - Tækniþekking á sviði félagsins.
 - Sérþekking á lögum og lagalegu umhverfi félagsins.
 - Þekking á alþjóðlegu umhverfi fjarskipta/tæknifyrirtækja.
 - Þekking á möguleikum stafrænna lausna með sérstaka áherslu á upplifun viðskiptavina þegar kemur að afþreyingu.
 - Geta til að sjá fyrir þróun á miðlum í ljósi breytinga á tækni og neytendahegðun.

Hluthafar hafa ávallt endanlegt ákvörðunarvald um stjórnarsetu. Hlutverk tilnefningarnefndar er að safna saman upplýsingum um frambjóðendur, greina þær og byggja á þeirri greiningu við gerð tillögu til hluthafa um bestu mögulegu samsetningu stjórnar.

Að mati nefndarinnar uppfylla frambjóðendur kröfur um góða stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs. Einstaklingar í framboði tengjast einkafjárfesti sem á í gegnum félög sín verulegan hlut í Sýn hf. og teljast því ekki óháðir stórum hluthöfum í félaginu. Hins vegar eru þeir óháðir félaginu sjálfu og daglegum stjórnendum þess. Enginn núverandi stjórnarmaður telst háður félaginu eða daglegum stjórnendum þess.

Tilnefningarnefndin telur að þeir þrír óháðu einstaklingar, sem nefndin hefur tilnefnt, séu hæfir til að gegna stjórnarstörfum fyrir Sýn hf. Þessi niðurstaða byggir á viðtölum við frambjóðendurna og mati nefndarinnar á hæfi þeirra út frá skilgreindum matsþáttum.

Auk þess er það mat nefndarinnar að fulltrúar einkafjárfestis sem eru í framboði séu hæfir til stjórnarsetu hjá Sýn hf. Þeir búa yfir mikilli reynslu af rekstri, stjórnun og stjórnarstörfum.

Við úrslit kosninga þarf að taka mið af lögum um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja, sem samþykkt voru á Alþingi árið 2010. Hins vegar er ekki markmiðið að hver stjórnarmaður uppfylli alla þá þætti sem taldir eru mikilvægir fyrir stjórnarsetu, heldur að saman myndi stjórnarteymið heildstætt jafnvægi af hæfni, reynslu og getu.

Jafnframt er lögð áhersla á að stjórnarmenn vinni vel saman sem teymi og að stjórnarstarfið einkennist af góðum vinnubrögðum, stuðningi og skilvirkni. Hér að neðan er gerð grein fyrir ferilskrá þeirra einstaklinga sem tilnefninganefnd mælir með:

Til aðalstjórnar

Hákon Stefánsson

Hákon Stefánsson er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá HÍ 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem framkvæmdastjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmanna Mörkinni 2018-2019. Þá gegndi hann ýmsum störfum á árunum 2006-2018 fyrir Creditinfo Group, svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002-2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000-2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998-2000. Hákon situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að hafa setið í stjórnnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Félög tengd Hákon, þ.e. Íslex ehf., InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 59.147.128 hluti í Sýn hf.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Heiðrún Lind Marteinsdóttir er fædd árið 1979. Hún hefur starfað sem lögmaður með megin áherslu á sviði stjórnarháttá, félaga-, samkeppnis-, fjarskipta- og verðbréfamarkaðsréttar. Sem lögmaður veitti hún um árabíl ráðgjöf til fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækja á ofangreindum sviðum og átti í reglulegum og umfangsmiklum samskiptum við eftirlitsstofnanir fyrir þeirra hönd. Heiðrún hefur einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hún var einn eigenda LEX lögmansstofu til ársins 2016. Hún þekkir því vel þau lögfræðilegu svið sem tengjast starfsemi Sýnar. Heiðrún Lind sat um tíma í stjórn Ríkisútvarpsins ohf, Sjóvár-Almennra líftrygginga hf., og stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Hún er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og situr auk þess í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Hún hefur því víðtæka þekkingu á sviði rekstrar, vinnumarkaðar, efnahagsmála og stjórnsýslu. Heiðrún Lind á í gegnum einkahlutafélag sitt Módel 79 ehf. alls 2.000.000 hluti í Sýn hf.

Kjartan Briem

Kjartan Briem er fæddur árið 1970. Hann hefur M.Sc. gráðu í rafmagnsverkfræði frá DTU (Denmarks Tekniske Universitet), með sérsvið í fjarskiptum. Hann er framkvæmdastjóri Isavia ANS, dótturfélags Isavia ohf, sem sér um flugleiðsöguþjónustu í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Kjartan hefur áratuga langa reynslu á sviði fjarskipta. Hann vann á fjarskiptamarkaði á Íslandi í yfir 20 ár, lengst af sem stjórnandi á tæknisviði Sýnar (áður Vodafone). Kjartan var í framkvæmdastjórn Sýnar frá 2009-2020 og tók virkan þátt í stefnumótun félagsins á þeim tíma. Hann bar ábyrgð á uppbyggingu, þróun og rekstri fjarskipta- og upplýsingatækni kerfa félagsins. Hann hefur mikla reynslu af alþjóðlegum samskiptum, bæði í núverandi starfi, en einnig af fyrri störfum í fjarskiptum. Hann tók þátt í samstarfi við Vodafone Group, og einnig vinnu með birgjum frá fjölmörgum löndum. Kjartan hefur reynslu af samningaviðræðum, samningagerð og innkaupum bæði á erlendum og innlendum vettvangi.

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Petrea Ingileif er fædd árið 1974. Hún á að baki langa reynslu sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum, starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 árin 2014 til 2016 og sem forstjóri Tals 2013 til 2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórnnum Ósa, Icepharma, Daga og Allianz á Íslandi ásamt því að sinna ráðgjafastörfum. Petrea sat í stjórn Sýnar frá árinu 2020 til 2022, sem varaformaður stjórnar frá árinu 2021 til 2022 og formaður stjórnar frá ágúst til október árið 2022. Petrea sat í stjórn Terra frá árinu 2017 til 2024 og var formaður stjórnar Símafélagsins frá árinu 2017 til 2018, fram að því að félagið var selt til Nova. Petrea Ingileif á ekki eignarhlut í félaginu. Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um góða stjórnarhætti, að Petrea Ingileif Guðmundsdóttir sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

Ragnar Páll Dyer

Ragnar Páll Dyer er fæddur árið 1977. Hann lauk Stanford Executive Program frá Stanford Háskóla 2019 og B.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2008. Hann hefur frá 2023 starfað sem framkvæmdastjóri hjá InfoCapital ehf. en áður starfaði Ragnar í 16 ár á fjármálamarkaði innan Kviku samstæðunnar nú seinast sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og stjórnarmaður í TM Tryggingum hf. og Kviku Securities í London. Þar áður starfaði Ragnar við upplýsingatækni sem stjórnarmaður í dótturfélögum og framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Creditinfo Group og sem deildarstjóri vefþróunar hjá Símanum. Ragnar situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtæki bæði á Íslandi og erlendis. Félög tengd Ragnari, þ.e. InfoCapital ehf., Gavia Invest ehf. og H33 Invest ehf. fara með 58.147.128 hluti í Sýn hf.

Til varastjórnar

Daði Kristjánsson

Daði er fæddur árið 1984. Hann er framkvæmdastjóri Visku sjóða ehf. og einn af eigendum félagsins sem stofnað var árið 2022. Daði hefur 19 ára reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefur lengst af starfað á sviði markaðsviðskipta, síðast hjá Fossum mörkuðum hf. þar sem hann var jafnframt einn af eigendum félagsins. Áður en Daði gekk til liðs við Fossa markaði hf. starfaði hann í markaðsviðskiptum Arctica Finance hf. frá árinu 2015. Daði starfaði hjá H.F. Verðbréfum hf. frá 2010 til 2015 þar sem hann var forstöðumaður markaðsviðskipta og síðar framkvæmdastjóri félagsins. Þar áður starfaði Daði í gjaldeyris- og afleiðumiðlun Icebank á tímabilinu 2007 til 2009. Daði er með B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði og M.Sc. gráðu í fjármálahagfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Daði á ekki eignarhlut í félaginu. Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um góða stjórnarhætti, að hann sé óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Ingibjörg Ásdís er fædd árið 1977. Hún starfar hjá VÍS sem framkvæmdastjóri sölu og þjónustu. Hún ber sem slík ábyrgð á þjónustu, sölu, markaðsmálum og upplifunum, einstaklings og fyrirtækjaviðskiptum og tekjustýringu félagsins. Hún ber einnig ábyrgð á markaðsmálum og upplifunum VÍS og að innleiðing stefnu sem innleidd var í lok árs 2023 sé framfylgt með framkvæmdastjórn. Ingibjörg Ásdís starfaði hjá Icelandair í 17 ár, áður en hún hóf störf hjá VÍS í nóvember 2021. Lengst af var Ingibjörg stjórnandi hjá félaginu og starfaði í nokkrum mismunandi stöðum á tíma sínum þar. Hún var forstöðumaður þjónustu og upplifana og bar ábyrgð á allri framlínubjónustu Icelandair ásamt teymi sem bar ábyrgð á allri upplifun viðskiptavina Icelandair. Ingibjörg starfaði einnig sem svæðisstjóri Icelandair á Íslandi og bar ábyrgð á sölu og markaðsstarfi Icelandair frá Íslandi. Ingibjörg starfaði einnig í mörg ár sem forstöðumaður Icelandair Saga Club og bar þar ábyrgð á viðamiklum breytingum á loyalty kerfi Icelandair. Ingibjörg er öflugur breytingastjórnandi sem leggur mikla áherslu á að sameina skýr tekjumarkmið við ánægju viðskiptavina og hefur þannig náð miklum árangri í störfum sínum. Hún hefur einnig sinnt kennslu samhliða stjórnunarstörfum. Ingibjörg Ásdís á ekki eignarhlut í félaginu. Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um góða stjórnarhætti, að hún sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

Reykjavík, 4. mars 2026

Guðríður Sigurðardóttir, ritari
Þröstur Olaf Sigurjónsson, formaður

Viðauki

Starfsreglur tilnefningarnefndar

Sýnar hf.

1. Tilgangur

Stjórn Sýnar hf starfar samkvæmt því markmiði að góðir stjórnarhættir séu viðhafðir í starfsemi félagsins. Leið að því markmiði og til að vinna að sem bestu samsetningu stjórnar félagsins skal tilnefningarnefnd vera að störfum.

Tilnefningarnefndinni er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málefnum um tilnefningu stjórnarmanna.

Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir félagsins og starfsreglur þessar. Þá skal nefndin hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja (hér eftir nefnt „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“)

2. Skipun og samsetning

Tilnefningarnefnd skal samansett af allt að þremur einstaklingum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Fyrirkomulag samþykktu um kosningu stjórnarmanna, og um framkvæmd kosningar, skal gilda um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn skal ákveða hvaða stjórnarmaður skuli vera tengiliður við tilnefningarnefnd til að tryggja nauðsynlegt upplýsingaflæði á milli þessara stjórnsýslueininga félagsins. Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin á aðalfundi félagsins.

Nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í það minnsta einn nefndarmann skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Tryggt skal að í tilnefningarnefnd sitji nefndarmenn af báðum kynjum. Stjórnarmenn eru ekki kjörgengir til setu í tilnefningarnefnd.

Stjórn félagsins skal með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Hluthafar skulu jafnframt hafa tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Séu tilnefndir fleiri en þrír einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.

Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar. Nefndarmenn eiga að hafa þekkingu og reynslu á viðmiðum og venjum varðandi stjórn fyrirtækja ásamt því að æskilegt er að þeir hafi verið í einhverjum tengslum við mat og tilnefningu á aðilum til stjórnarsetu í fyrirtækjum.

3. Fundir

Nefndin skal halda fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári til að sinna hlutverki sínu. Haldnir skulu aukafundir telji formaður nefndarinnar þörf á því. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir sem og ákvarðanir nefndarinnar í einstökum málum skulu vistaðar rafrænt með aðgengilegum hætti fyrir alla nefndarmenn.

Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Mikilvæga ákvörðun, svo sem ákvörðun um tilnefningu til setu í stjórn, má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið.

Taki stjórnarmaður þátt í störfum nefndarinnar skal hann gæta að hæfi sínu og víkja af fundum eftir því sem við getur átt. Ef réttmæt ástæða er til að ætla að viðvera hans hefti frjáls skoðanaskipti um störf, frammistöðu eða samsetningu stjórnar tekur hann að jafnaði ekki þátt í fundum nefndarinnar.

4. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Meginhlutverk nefndarinnar er að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu hjá Sýn hf. fyrir hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, auk þess að meta hæfi og óhæði frambjóðenda til stjórnar sem gefið hafa kost á sér til þeirra starfa.

Tilnefningarnefnd skal óska eftir tillögum frá stærstu hluthöfum um mögulega frambjóðendur í stjórn tímanlega fyrir aðalfund félags.

Á vefsíðu félagsins skal upplýsa um hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir en hluthafar geta komið framboðum sínum á framfæri. Þar skal jafnframt koma fram hvaða almennu hæfiskröfur og skilyrði sett eru fyrir tilnefningum til stjórnarstarfa. Geta skal tímamarka fyrir framboð. Mun tilnefningarnefnd ekki taka til greina þau framboð sem berast eftir auglýst tímamörk.

Tillögur tilnefningarnefndar (og önnur framboð til stjórnarsetu) skulu kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er.

Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi almennt hagað störfum sínum.

Um framboðsfrest og tilkynningu framboða fer öðru leyti samkvæmt IX. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gefa hluthöfum kost á að koma sjónarmiðum á framfæri í tilnefningarferlinu.

Nefndin skal hafa eftirfarandi hlutverk:

- a) Að skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri.
- b) Leggja mat á samsetningu, stærð og árangur stjórnar ásamt því að ráðleggja varðandi úrbætur telji nefndin þess þörf.
- c) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- d) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- e) Undirbúa og leggja fram tillögu um kosningu stjórnarmanna á aðalfundi félagsins.
- f) Gæta að fjölbreytni í kynjahlutföllum í stjórn félagsins.
- g) Upplýsa tilvonandi stjórnarmenn um þá ábyrgð sem fylgin er í stjórnarsetu fyrir félagið.
- h) Sjá til þess að sá hópur sem tilnefndur er til stjórnarsetu hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu, fjölbreytni og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi félagsins.

- i) Sjá til þess að hluthafar fái upplýsingar um tilvonandi stjórnarmenn.
- j) Vinna úr niðurstöðum árlegs árangursmats stjórnar. Nefndin skal setja sér starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum.

Nefndinni er heimilt að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði slíkra ráðgjafa.

Formaður nefndar skal sjá til þess að allir nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar þegar þeir hefja störf.

5. Heimild nefndarinnar og aðgengi að gögnum

Mikilvægt er að nefndin hafi víðtækan aðgang að gögnum sem tengjast störfum hennar og geti óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá aðilum varðandi störf hennar.

Nefndin hefur heimild sé þess þörf að leita atbeina stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Beiðnir um upplýsingar frá félaginu þurfa að fara í gegnum forstjóra félagsins. Forstjóri hefur heimild til að hafna afhendingu gagna og leggja beiðni nefndarinnar undir stjórn félagsins.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

7. Önnur ákvæði

Ákvæði til bráðabirgða: Breytingar á 2. gr. taka gildi í tengslum við skipan tilnefningarnefndar á aðalfundi 2025. Þannig skal skipan nefndarinnar á aðalfundi 2024 vera í samræmi við áðurgildandi ákvæði fram að aðalfundi 2025.

Starfsreglur þessar skulu bornar upp á aðalfundi félagsins til samþykktar. Sama gildir um allar breytingar á starfsreglum héðan í frá.

Staðfest í stjórn Sýnar hf. þann 12. mars 2024 og samþykkt á aðalfundi Sýnar hf. þann 11. apríl 2024.